

VIÐBÓT VIÐ KAUPSKILMÁLA BBSLA-SAMNINGSS FYRIR RIME-VERSLANIR

1. UMFANG OG NOTKUN

- 1.1 BlackBerry Solution License Agreement (“**BBSLA-SAMNINGURINN**”) á við allt dreifiefni (bæði það sem ókeypis er og það sem kaupa þarf) sem hægt er að fá í RIME-verslunum. Viðbót þessi gerir grein fyrir viðbótarkaupskilmálum og skilyrðum (“**kaupskilmálar**”) og munu eiga við öll kaup á þjónustu þar sem RIME er greiðsluþegi (eða umboðsaðili greiðsluþega) kaupanna (í heild “**kaup**” og þegar keypt er “**kaupa**” eða “**keypt**”). RIME stendur fyrir Research In Motion E-Commerce S.à.r.l., Research In Motion E-Commerce Corporation, Research In Motion E-Commerce Inc., eða önnur samstarfsfélög RIM sem gefin eru upp á <http://www.blackberry.com/legal/rime> sem dreifiaðilar þjónustu fyrir þitt lögsagnarumdæmi. Þegar vísað er í ‘**BlackBerry Commerce**’ í RIME-verslun eða í samskiptum sem tengjast RIME, er átt við RIME í kaupskilmálum þessum. Öll orð sem skrifuð eru með stórum stöfum í viðbót þessari en sem ekki er greint frá í henni, er hægt að finna í BBSLA-samningnum. Ef þú átt ekki eintak af BBSLA-samningnum fyrir þitt lögsagnarumdæmi, er hægt að fá samninginn á www.blackberry.com/legal.
- 1.2 MEÐ ÞVÍ AÐ SMELLA Á “ÉG SAMÞYKKI” HÉR AÐ NEÐAN, SAMÞYKKIR ÞÚ AÐ VIÐBÓT ÞESSI VERDI SAMNINGUR Á MILLI ÞÍN, KAUPANDANS (VÍSAÐ Í SEM “**ÞÚ/ÞIG/ÞÉR/ÞÍN**” Eða “**ÞINN/ÞÍN/ÞITT**”) OG GREINT ER FRÁ SKV. SAMKOMULAGI), OG RIME OG GILDI FYRIR ÖLL KAUP ÞÍN HÉÐAN AF NEMA RIME GEFI TIL KYNNA AÐ ANNARSKONAR SKILMÁLAR GILDI FYRIR KAUP ÞÍN Í FRAMTÍÐINI. EF ÞÚ NEITAR AÐ SAMÞYKKJA VIÐBÓT ÞESSA (EÐA ÞÆR VIÐBÆTUR SEM GERÐAR VERÐA HÉÐAN AF OG MEÐ TILLITI TIL ÞEIRRA KAUPA SEM ÞÆR EIGA VIÐ), ER ÞÉR EKKI HEIMILT AÐ KAUPA. VINSAMLEGAST PRENTAÐU EINTAK AF KAUPSKILMÁLUM ÞESSUM (SEM HÆGT ER AÐ LESA Á www.blackberry.com/legal) OG GEYMDU ÞAÐ.
- 1.3 MEÐ ÞVÍ AÐ SAMÞYKKJA KAUPSKILMÁLA ÞESSA, FULLYRÐIR ÞÚ OG ÁBYRGIST GAGNVART RIME AÐ ÞÚ SÉRT LÖGRÁÐA SAMKVÆMT GILDANDI LÖGUM Í ÞÍNU LÖGSAGNARUMDÆMI.
- 1.4 Allar pantanir sem þú sendir verða túlkaðar sem beiðni til RIME til kaupa á þjónustu sem heyrir undir skilmála BBSLA-samningsins og breytt hefur verið með viðbót þessari og bundin er samþykki RIME. Samþykkja þarf samning varðandi ákveðin kaup áður en að (a) RIME tekur við greiðslu þinni fyrir kaupin, og (b) RIME sendir þér staðfestingu fyrir kaupin, sem gerir þér kleift að hala niður eða fá aðgang að þjónustunni. Kaupskilmálar eru aðgreindir samningar á milli þín og RIME fyrir hverja þjónustu sem þú færð og ef upp koma gallar eða bilanir varðandi þjónustu, veitir slíkt þér ekki rétt á að hætta við kaup þín á annarri þjónustu, hvort sem hún er keypt á sama tíma eður ei. .
- 1.5 Þú samþykkir að RIME komi fram sem umboðsaðili þjónustuveitanda til að hægt sé að ganga frá kaupunum og veita þér þjónustuna, nema í tilfellum þar sem um er að ræða In-App vörur. RIME mun veita þér þjónustuna þannig að þú getir halað henni niður í BlackBerry Handheld Software eða fengið aðgang að henni í gegnum búnaðinn. Þú samþykkir einnig að In-App vörur séu ekki geymdar í RIME-þjónum og að þær séu ekki veittar í RIME-verslunum og að sá aðili sem selur þjónustu In-App varaberi ábyrgð á afhendingu In-App varanna til þín en ekki RIME.
- 1.6 RIME hefur rétt á því að hafna pöntun þinni að eigin vild (án þess að þurfa að greiða skaðabætur). Í slíkum tilfellum mun engin greiðsla vera tekin af þér eða endurgreidd í gegnum þá greiðsluáðferð sem þú hefur valið, og RIME mun ekki endurgreiða það sem þú hefur þegar greitt fyrir viðeigandi þjónustu.
- 1.7 Þú samþykkir og staðfestir að kaup þín eru til þinna einkanota og ekki til frekari dreifingar.
- 1.8 Ef kaup eru gerð, mun sá réttur sem gert er grein fyrir í BBSLA-samningnum, um framkvæmdir uppfærsla, breytinga og aðlagana á RIME-verslunum án fyrirvara, fela í sér verðbreytingar og breytingar á kaupskilmálum, að meðtöldum skilmálum sem tengjast RIME-verslunum og greiðsluferli RIME varðandi In-App vörur í tilfellum þar sem BlackBerry greiðsluþjónusta er notuð, svo framarlega sem slíkar breytingar eigi við pantanir sem ekki er búið að samþykkja þegar breytingarnar eru framkvæmdar. Ekki er hægt að ábyrgjast kaupverð og ef þú ákveður að ganga frá pöntun sem ekki er samþykkt þegar breytingarnar eru framkvæmdar, samþykkirðu að þjónustan verði veitt í samræmi við breyttar lýsingar eða breytt verð og mun því heyra undir breytta kaupskilmála.

- 1.9 Vera má að RIME varðveiti skrár yfir öll kaup á slíkum tímabilum í samræmi við gildandi lög. Ráðlagt er að þú prentir eintak af öllum skjölum sem tengjast kaupum þínum í RIME-verslunum. Án þess að ábyrgjast nokkuð, getur verið að RIME geti veitt þér eintök af slíkum skjölum ef beðið er um þau skriflega.

2. RÉTTUR OG ÁBYRGÐ

- 2.1 RIME áskilur sér rétt til að staðfesta staðsetningu þína og greiðsluupplýsingar (skilgreint hér að neðan) og taka frekari ráðstafanir til að staðfesta auðkenni þitt eða koma upp um svik eða þjófnað og veita vernd gegn slíku.
- 2.2 Þú berð ábyrgð á því að þau aðgangsorð sem þú notar til að komast í RIME-verslanir og/eða til að borga fyrir þjónustu séu örugg og að skilmálar BBSLA-samningsins um aðgangsorð gildi um notkun þína á þeim við kaup. Þegar þú hefur slegið inn aðgangsorð þitt munt þú ekki vera beðin(n) um að slá það inn aftur við kaup þín á meðan aðgangsorðið er geymt í minni, en greint er frá hversu lengi það geymt er í greiðslustillingum þínum. Ef þú vilt vera beðin(n) um aðgangsorð við hver kaup, skaltu breyta aðgangsorðastillingunni í greiðslustillingum þínum.
- 2.3 Þjónustan sem veitt er í RIME-verslunum er ætluð einstaklingum sem eru hæfir og geta lagalega samþykkt skilyrði viðeigandi upplýsinga og bundist samningi. Þú samþykkir að bera fjárhagslega ábyrgð á notkun þinni á RIME-verslunum og notkun annarra á reikningi þínum eða innskráningarupplýsingum, að meðtöldum öllum ólöggráða aðilum, og þú samþykkir að hafa yfirsjón með notkun á RIME verslun og öllum kaupum sem gerð eru á þínu nafni eða með þínum reikningi af hálfu aðila sem hafa til þess heimild frá þér.
- 2.4 RIME áskilur sér rétt til að gera allar ráðstafanir sem RIME telur réttmætanlega nauðsynlegar eða viðeigandi til að bæta upp og/eða tryggja að ákvæðum kaupskilmála þessa sé fylgt eftir, að því meðtöldu að auðvelda greiðslu skatta til ríkisstofnana eða gjalda til þjónustusala sem þú hefur keypt þjónustu hjá (að meðtöldum rétti RIME til að aðstoða við lagaleg ferli varðandi notkun þína á þjónustu og/eða svara beiðnum þriðju aðila sem telja notkun þína á þjónustunni ólöglega og/eða telja að hún brjóti á rétti þriðju aðila). Þú samþykkir að RIME hafi rétt til að ljóstra upp upplýsingum um þig, án þess að hafa samráð við þig, til skatta- eða löggæslufirvalda, ríkisembættis og/eða þriðju aðila í tilfellum þar sem RIME telur slíkt réttmætanlega nauðsynlegt eða viðeigandi til að styrkja kaupskilmála þessa og/eða tryggja að þeim sé fylgt eftir (að meðtöldum ótakmörkuðum rétti RIME til að aðstoða við lagaleg ferli varðandi notkun þína á þjónustu og/eða svara beiðnum þriðju aðila sem telja notkun þína á þjónustunni ólöglega og/eða að hún brjóti á rétti þriðju aðila).

3. VERÐ, ÁLAGNING OG GREIÐSLUSKILMÁLAR

- 3.1 Þau verð sem borga skal fyrir þjónustu eru sýnd við kaup í viðeigandi staðfestingarskjámynd við samþykkt kaupanna og heyra undir gildandi skattlagningu sem RIME ákvarðar réttmætanlega. Við samþykkt pöntunarinnar munt þú greiða verð og skatta með þeirri greiðsluaðferð sem þú hefur valið. ÞÚ BERÐ ÁBYRGÐ Á AÐ GREIÐA ÞESSAR UPPHÆÐIR. Þó verða engar endurgreiðslur gerðar ef verð lækkar eftir kaup þín á þjónustu eða ef þjónustan er á tilboði eftir kaup þín á henni. Ef þér sýnist að meira hafi verið tekið út af greiðslumiðli þínum eða að þú hafir greitt meira en þú áttir að gera, skaltu tilkynna neytendaþjónustu RIME-verslunarinnar það innan 30 daga frá því að kaupin voru gerð á <https://www.blackberry.com/technicalsupport/index.do?ft=generic>.
- 3.2 Suma þjónustu er hægt að kaupa með sjálfkrafa framlengingu sem sparar þér tíma, fyrirhöfn og áhættu þar sem áskrift þín er framlengd sjálfkrafa áður en hún rennur út. Með því að kaupa þjónustu með sjálfkrafa framlengingu á áskrift, samþykkir þú að áskrift þín verði stöðugt endurnýjuð sjálfkrafa og þú gefur RIME leyfi til að taka endurnýjunargjald út af greiðslumiðli þínum þar til þú (þú eða viðtakandi gjafarinnar í tilfellum þar sem áskrift hefur verið keypt og gefin) stöðvar áskriftina eða RIME stöðvar sjálfkrafa endurnýjun og greiðslur fyrir áskriftina. Fyrir alla þjónustu sem þú kaupir með sjálfkrafa endurnýjun færðu sent a.m.k. eitt tölvuskeyti á netfangið sem þú gafst upp með BlackBerry auðkenninu, með áminningu um að áskriftin verði endurnýjuð áður en slíkt er gert. Þú hefur fulla stjórn á áskrift þinni og getur sagt henni upp hvenær sem þér hentar. Í staðfestingu á pöntun og tölvuskeyti með staðfestingu er að finna leiðbeiningar um hvernig hægt er að stöðva sjálfkrafa endurnýjun á áskrift þinni. Vinsamlegast athugaðu að ef þú segir upp áskrift þinni á ákveðinni þjónustu verður þú að endurnýja hana handvirk til að halda áfram að fá aðgang að þjónustunni.
- 3.3 Allar greiðslur fyrir kaup þín munu vera teknar út af greiðslumiðlinum sem þú valdir í viðeigandi RIME-verslun. Ef þú vilt breyta greiðslumiðli, er hægt að gera það í valmynd greiðsluvals í RIME-versluninni.

4. LEYFISSKILMÁLAR SÖLUADILA

- 4.1 Hvað varðar ókeypis efni frá RIME-verslun, mun réttur þess ekki renna út þegar efni og hugbúnaðarþjónusta er keypt. Þú hefur rétt á að nota afrit efnis og hugbúnaðarþjónustu sem þú kaupir með fyrirvara um, og í samræmi við leyfisskilmála notenda, reglur eða aðra skilmála og skilyrði sem þjónustan heyrir undir (“**Leyfisskilmálar söluaðila**”). Skilmálar BBSLA-samningsins eiga við í tilfellum þar sem söluaðili hefur ekki leyfisskilmála. Vera má að leyfisskilmála sé að finna í reglum fyrir ákveðna þjónustu. Til dæmis, ef þú kaupir leigu á bíómynd getur verið að þú hafir takmarkaðan tíma til að horfa á hana (t.d. innan 30 daga frá kaupunum) og þegar þú byrjar að horfa á myndina, getur verið að þú hafir takmarkaðan tíma til að klára að horfa á hana (t.d. 24 klst.). Það getur einnig verið að þú getir einungis horft á myndina í ákveðnum tækjum eða í takmörkuðum fjölda tækja. Þú staðfestir og samþykkir að tekið geti verið fyrir aðgang þinn að slíkri þjónustu eða notkun hennar án nokkurs fyrirvara og í samræmi við gildandi leyfisskilmála söluaðila.

5. ÁHÆTTA OG ÖRYGGISAFRIT

- 5.1 Ábyrgð áhættu á tapi eða bilun á þjónustu frá RIME-verslun og In-App-vörum flyst frá RIME og þjónustusala til þín við niðurhal, nema annað sé tekið fram í kaupskilmálum. Þegar þú hefur halað niður þjónustu, gildir það sama um hana, þar sem hún er á þinni ábyrgð og hvorki RIME né samstarfsfyrirtæki þess, eða þjónustuveitendur skulu bera ábyrgð á tapi, eyðileggingu eða skemmdum á efni eða búnaði. Ráðlagt er að þú takir öryggisafrit af þjónustu sem þér veitt. Geymsla RIME-verslunarinnar (“**My World**”) gerir þér kleift að fjarlægja og setja upp aftur ákveðinn hugbúnað og hluti frá þriðju aðilum í handbúnað þinn eins og greint er frá í gildandi reglum My World hvers tíma, en vera má að breytingar á þessum reglum séu gerðar af og til.

6. ENDURGREIÐSLUSTEFNA, AÐSTOÐ VARÐANDI RIME-VERSLUN OG AÐSTOÐ VARÐANDI VÖRUR

- 6.1 Öll kaup heyra undir endurgreiðslustefnu RIME, sem fáanleg er á <http://www.blackberry.com/legal/rime-store-refunds-policy>, og uppfærð er af og til.
- 6.2 Vinsamlegast leitaðu í hjálparsíðu fyrir viðeigandi RIME-verslun til að fá aðstoðarþjónustu varðandi niðurhal sem tiltæk er fyrir RIME-verslunina. Þjónustusalar bera ábyrgð á þeirri þjónustu sem þeir selja og aðstoð varðandi hana.
- 6.3 SKILMÁLAR BBSLA-SAMNINGINS SEM TENGJAST ÞJÓNUSTU, AÐ MEÐTÖLDUM ÞEIM SKILMÁLUM SEM TENGJAST HUGBÚNAÐI, ÞJÓNUSTU RIM, HLOTUM OG ÞJÓNUSTU FRÁ ÞRIÐJU AÐILUM, EIGA VIÐ KAUP ÞÍN Á ÞJÓNUSTU. ÁN TAKMARKANA Á OFANGREINDUM ATRIÐUM, MUNU LEYFI, GAGNALEYND, ÚTFLUTNINGUR, ÁBYRGÐ, FYRIRVARI, ÚTILOKUN OG TAKMARKANIR ÁBYRGÐAR SEM GREINT ER FRÁ Í BBSLA-SAMNINGNUM OG EIGA VIÐ HUGBÚNAÐ, ÞJÓNUSTU RIM, HLOTI OG ÞJÓNUSTU FRÁ ÞRIÐJU AÐILUM, GILDA FYRIR KAUP ÞÍN Á ÞJÓNUSTU S.S. HUGBÚNAÐI, ÞJÓNUSTU RIM, HLOTUM OG ÞJÓNUSTU FRÁ ÞRIÐJU AÐILUM. TAKMARKANIR, ÚTILOKANIR OG FYRIRVARAR Í BBSLA-SAMNINGNUM GILDA FYRIR ÞJÓNUSTUVEITENDUR RIME (AÐ MEÐTÖLDUM ÖLLUM ÞJÓNUSTUVEITENDUM SEM TENGJAST GREIÐSLUFERLI) AÐ ÞVÍ MARKI SEM GILDANDI LÖG LEYFA.

7. SAMÞYKKI OG TOLLGJÖLD

- 7.1 Vera má að þú þurfir að greiða tollgjöld og/eða innflutningsgjöld þegar þú halar niður þjónustu. Þú ert ábyrg(ur) fyrir öllum auka toll- eða innflutningsgjöldum sem greiða þarf. Ráðlagt er að þú hafir samband við viðeigandi tollskrifstofu lögsagnarumdæmis þíns til að fá nánari upplýsingar um gildandi tollstefnur eða -gjöld.
- 7.2 Þú getur, á eigin kostnað, fengið nauðsynleg leyfi eða samþykki frá ríkisstjórn eða öðrum yfirvöldum til kaupa eða notkunar þinnar á þjónustu og, ef þörf er á, veitt RIME sönnun fyrir slíkri beiðni. Ef þú gerir það ekki, hefur þú ekki rétt á að neita eða fresta greiðslu fyrir þjónustuna. Öll aukagjöld sem RIME hefur kallað yfir sig vegna óvirðingar þinnar varðandi ákvæði þessi, skulu vera greidd af þér. Vera má að þjónusta sé flutt út eða inn og heyri því undir stjórnarlög og reglugerðir þess svæðis eða lögsagnarumdæmis sem þú ert í þegar þú tekur við þjónustunni, flytur hana út eða inn eða notar hana. Þú berð ábyrgð á því að fara eftir slíkum lögum og reglugerðum og ábyrgist að gera ekki neitt sem brotið getur á þeim. Þú samþykkir einnig að þú munir greiða RIME og öllum þjónustuveitendum RIME fullar skaðabætur ef þú brýtur á ákvæðum þessum.

8. PERSÓNUUPPLÝSINGAR OG FRÍÐHELGI EINKALÍFS

- 8.1 Að auki þeirra atriða sem þú samþykkir, í BBSLA-samningnum, um að RIME hafi leyfi til að ganga frá kaupum þínum, getur RIME meðhöndlað upplýsingar um reikning greiðslumiðils þíns og aðrar upplýsingar s.s. kreditkortanúmer þitt, heimilisfang sem skráð er á reikninginn, upplýsingar um símafyrirtæki og þá þjónustu sem keypt hefur verið og halað niður sem og auðkennisupplýsingar fyrir búnað þinn eða aðrar viðeigandi notandaupplýsingar s.s. staðsetningu þína þegar þú gerir kaupin (“**Greiðsluupplýsingar**”). Þú samþykkir að RIME fái slíkar upplýsingar frá fyrirtækinu sjálfu eða frá þjónustuveitendum sem veita RIME aukabjónustu og sjá um að hún sé uppfyllt, þ.e., greiðsluvinnslur, s.s. PayPal, kreditortafyrirtæki, eða, í tilfellum þar sem kaup fela í sér aukakostnað og heyra undir kaupskilmála þessa, símafyrirtæki þar sem slíkt á við. Þú samþykkir að RIME gefi þriðju aðilumgreiðsluupplýsingar þínar s.s. greiðsluþegum, greiðsluvinnslum eða öðrum aðilum að réttmætu marki til að auðvelda kaup þín og aukabjónustu. Í sumum tilfellum þar sem þú hefur þegar veitt greiðsluþega sem er þriðji aðili kreditkortaupplýsingar þínar, getur þú verið beðin(n) um leyfi til sá þriðji aðili veiti RIME upplýsingar þessar svo að hægt sé að nota þær í tilfellum þar sem RIME er greiðsluþegi kaupa þinna. Ef RIME fær slíkar greiðsluupplýsingar, munu þær vera notaðar að réttmætu marki til að auðvelda kaup þín í samræmi við kaupskilmála þessa.
- 8.2 Persónuupplýsingar sem meðhöndlaðar eru af RIME og samstarfsfélögum þess munu vera það í samræmi við stefnu RIM um gagnaleynd (sem vísað er í sem heimild og hægt er að nálgast á www.blackberry.com/legal eða hægt að fá með því að senda tölvuskeyti á legalinfo@rim.com). Meðhöndlun upplýsinga getur falið í sér veitingu og framkvæmd aukabjónustu sem tengist kaupum þínum, s.s. afhendingu á pöntun þinni, viðtöku greiðslu, tilkynningu um stöðu pöntunar þinnar, uppfærslur eða endurnýjun áskriftar á slíkri þjónustu (ef slíkt á við), uppbætur RIME-verslunar og veiting gagnlegrar neytendabjónustu, styrking leyfistakmarkana, greiðsla skatta, staðfesting auðkennis og framkvæmd sannprófana á kreditkortum, framkvæmd rannsókna til að sneiða hjá svikum og aðrar framkvæmdir til framfylgdar gildandi laga eða reglugerða eða þess sem leyfilegt er í samræmi við gildandi lög. Vera má að greiðsluupplýsingar séu sendar af RIME eða fyrir hálfu RIME innan og utan landsins sem þú ert staðsett(ur) í, að meðtöldum eftirfarandi löndum án takmarkana; Kanada, Bandaríkin, Bretland, Singapúr eða önnur lönd þar sem RIM Group of Companies hefur aðstöður eða aðilar sem fram koma fyrir hálfu þess eða viðeigandi þjónustuveitandi. Ef þú ert búsett(ur) í landi innan evrópska efnahagssvæðisins eða öðru landi þar sem þörf er á samþykki ef senda á persónuupplýsingar utan þess lögdæmis, samþykkir þú að slíkt sé gert.

9. VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

- 9.1 Tengiliðaupplýsingar og viðbótarupplýsingar varðandi RIME er hægt að fá á <http://www.blackberry.com/legal/rime>.